

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 147. löggjafarþings, frá 26. september 2017 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

Gjört í Reykjavík, 26. september 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.“

Alþingi samþykkti hinn 27. september 2017 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 147. löggjafarþings, frestað hinn 27. september 2017.

Forsætisráðuneytinu, 27. september 2017.

F. h. r.
Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Anna Elísabeth Gísladóttir.